

in ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins, komi 40 daga varðhald í stað sektarinnar.

Áfengi það, sem fannst við húsleitir hjá ákærða og við leit í m/s Ásúlfi og var eign ákærða, alls 99 $\frac{1}{2}$ flaska með áfengi, skal gert upptækt og verða eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar, 1500 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 18. marz 1957.

Nr. 1/1957. **Ákærvaldið**

(Þórólfur Ólafsson hrl.)

gegn

Jóni Ísak Magnússyni

(Einar Ásmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Vörzlur áfengis frá Áfengisverzlun ríkisins eigi taldar varða við lög.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefur eigi brotið gegn neinu ákvæði í lögum með því að hafa í vörzlum sínum vínföng þau frá Áfengisverzlun ríkisins, er í héraðsdómi greinir. Engin heimild er í lögum til að gera áfengi þetta upptækt til ríkissjóðs. Ber því að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist

úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda í héraði, Jóns Grimssonar, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Þórólfs Ólafssonar og Einars Ásmundssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1000.00 til hvors.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 14. desember 1956.

Ár 1956, föstudaginn 14. desember, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var í bæjarfógetaskrifstofunni af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 8. desember s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 10. október s. l., gegn Jóni Ísak Magnússyni smið, Silfurgötu 4, Ísafirði, fyrir að hafa föstudaginn 28. september s.l. geymt ólöglega í verkstæði sínu að Silfurgötu 4 og í efnisgeymslu sinni í Soffiubúð alls 30 flöskur af ýmsum tegundum áfengis, sem telja verður, að hann hafi ætlað til sölu.

Brot þetta telst varða við 1. mgr. 19. gr. sbr. 42. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Í ákæruskjali er þess og krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, að framangreindar 30 áfengisflöskur verði gerðar upptækar ríkissjóði til handa samkvæmt 2. mgr. i. f. 42. gr. áfengislaga analogice og 69. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 svo og að hann verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 12. nóvember 1899 á Ísafirði og hefur sætt ákærum og refsingum sem hér segir:

- | | | |
|------|------|---|
| 1926 | 14/6 | 150 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 15/1925 samkvæmt sætt. |
| 1927 | 9/11 | 400 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot gegn lögum nr. 15/1925 samkvæmt dómi lögregluréttar. |
| 1956 | 26/3 | Dómur í sakadómi Ísafjarðar: Fangelsi í 30 daga og 10 þús. króna sekt til menningarsjóðs, vararefsing 40 daga varðhald, upptækt vín 99 ½ flaska og dæmdur til greiðslu málskostnaðar. Áfrýjað til Hæstaréttar, en málið enn óútkljáð. |

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 28. september s.l. var í sakadómi kveðinn upp úrskurður um húsleit hjá Jóni Ísak Magnússyni í verkstæði hans, Silfurgötu 4, og efnisgeymslu í Soffiubúð eftir smygluðu áfengi eða öðru áfengi.

Prír lögregluþjónar ásamt tollverðinum hér í bæ framkvæmdu

húsleitina að viðstöddum ákærða, og fundust við leitina 30 flöskur af víni, merktar Áfengisverzlun ríkisins, og ein flaska af Old Scotch Whisky, sem var ekki merkt Á.V.R.

Í Soffiubúð fundust 7 flöskur af víni milli lofta, en í Silfurgötu 4, 6 flöskur undir gólfi í vinnustofu ákærða. En í litlu herbergi inn af vinnustofunni var hitt áfengið. Lögreglan tók áfengið, sem fannst við leitina, í vörzlur sínar.

Tilfni húsleitarinnar var það, að fimmtudaginn 27. september var Bogi Benediktsson, skipverji á b/v Þorsteini Ingólfssyni, látinn dauðadrukinn í fangahúsið, og hafði hann eina flösku af smygluðu áfengi meðferðis, sem hann kvaðst hafa látið kaupa hjá ákærða, og kvaðst hann einnig vita til, að fleiri menn af b/v Þorsteini Ingólfssyni hefðu keypt vín hjá ákærða. Þegar hann kom fyrir sakadóm allsgáður, kvaðst hann hins vegar ekki hafa keypt vínið hjá ákærða, en sagðist lítið muna, hvað fór milli hans og lögregluþjónanna.

Ákærði hefur gert þá grein fyrir áfengi því, er fannst hjá honum við húsleitina, að það væri allt ætlað til eigin neyzlu og hefði hann ætlað að geyma það „vegna þess að afmælið sitt sé bráðlega.“

Ákærði hélt því einnig fram, að hann hefði ekkert smyglað áfengi átt og ekki selt áfengi, hvorki smyglað né ósmyglað. Fyrir sakadómi 3. október svaraði ákærði því, þegar hann var um það spurður, hvers vegna hann hefði geymt áfengi sitt falið undir gólfi og milli lofta, að hann gerði það vegna þess, að margir gangi um verkstæði sitt og efnisgeymsluna í Soffiubúð. Vilji hann ekki, að menn, sem komi til hans í margvíslegum erindum, sjái hjá honum vín.

Verjandi ákærða heldur því fram í vörn sinni, að hann hafi ekki falið áfengið a. m. k. fyrir lögreglunni. Hann hélt því fram, að ákærði hefði full borgaraleg réttindi til að kaupa áfengi frá áfengisverzluninni. Þá hefur hann fært fram þá ástæðu fyrir því, að ákærði geymi áfengi sitt í vinnustofu og efnisgeymslu, að kona ákærða sé mjög veikluð og þoli ekki áfengi á heimilinu.

Ákærði verði því, þar sem hann neyti talsverðs víns, að geyma það utan heimilis. Þá hefur verjandi haldið því fram, að ákærði hafi falið áfengið, þar eð innbrot hafi verið framið í Soffiubúð fyrir tveimur árum.

Hafi ákærði orðið að fela áfengið, fyrst hann lét það í húsið á annað borð. Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann 26. marz s.l. dæmdur í sakadómi fyrir áfengissmygl og áfengissölu, og var þá gert upptækt hjá honum vín, samtals 99 $\frac{1}{3}$ flaska. Dómi þess-

um var áfrýjað til Hæstaréttar, en málið hefur ekki ennþá verið dæmt þar.

Áfengi það, er fannst hjá ákærða við húsleitina 28. september s.l., verður að telja óeðlilega mikið, ef það hefði verið ætlað til eigin neyzlu. Þá var geymslu áfengisins þannig háttað, að óeðlilegt verður að teljast.

Samkvæmt framansögðu verður að telja sannað þrátt fyrir mótmæli ákærða, að hann hafi geymt fyrrnefnt vín ólöglega og að hann hafi ætlað það til sölu. Hefur ákærði með því atferli gerzt brotlegur við 1. mgr. 19. gr. áfengislaga nr. 58/1954. Þykir refsing ákærða samkvæmt 42. gr. áfengislaga, sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin 35 daga fangelsi og 8000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Þá ber samkvæmt 2. mgr. 42. gr. áfengislaga analogice og 69. gr., 1. mgr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að gera upptækar til ríkissjóðs þær 30 áfengisflöskur, sem fundust hjá ákærða við húsleit 28. september s.l.

Einnig ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar málflutningsmanns, kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ísak Magnússon, sæti fangelsi í 35 daga og greiði 8000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 25 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Áfengi það, er fannst við húsleit hjá ákærða 28. september s.l., alls 30 flöskur, skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns Grímssonar málflutningsmanns, kr. 800.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.